

Sp. 477. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]
um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Björn Þórarinsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri (1963) rannsaka hafnarskilyrði í Kelduhverfi og leggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir Alþingi, áður en ákvörðun verður tekin um fyrstu vatnsvirkjun vegna stóriðju hér á landi.

Greinargerð.

Eðlilegt er og sanngjarnt vegna jafnvægis í byggð landsins og af fleiri ástæðum, að fyrsta vatnsvirkjun til stóriðju, sem ráðizt verður í hér á landi, verði við Jökulsá á Fjöllum. Fyrir tveim árum fól Alþingi ríkisstjórninni að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár og að láta fara fram athugun á framleiðslumöguleikum í því sambandi. Framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis frá 22. marz 1961 er enn ekki lokið, svo að þinginu sé kunnugt. En síðan hún var samþykkt, hefur miklu fé verið varið til „samanburðarrannsókna“ á öðrum fallvötnum, hvað sem af því kann að leiða. Rannsókn hafnarskilyrða í sambandi við iðjuver virðist hins vegar enn ekki langt á veg komin.

Einn þeirra hafnarstaða, sem sjálfsagt er að gefa gaum, er Fjallahöfn í Kelduhverfi og umhverfi hennar. Þangað er stytzt að sjó frá Dettifossi, landrými nóg, lágt land og slétt, jarðhiti einnig fyrir hendi, en lítt rannsakaður. Fjallahöfn hefur oft borið á góma í umræðum um hafnamál og jafnvel verið uppi tillögur um „lífhöfn“ á þeim stað. Nú ber svo til, að kunnur útlendur sérfræðingur í hafnagerð og sandburði með ströndum fram mun dveljast hér í sumar á vegum hafnarmála-stjórnarinnar. Væri æskilegt að grípa einmitt þetta tækifæri til að láta rannsókn á hafnarskilyrðum í Fjallahöfn og umhverfi hennar fara fram. En í sambandi við Jökulsármálið hafa verið uppi raddir um, að ekki megi láta rannsóknina á þessum stað undan falla.